

Samtök smærri útgerða
ssu@ssu.is

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
nefnasvid@althingi.is

Ólafsvík 14.3.2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar, endurflutt.
386. mál.

Samtök smærri útgerða vilja hér gera athugasemdir við þær greinar frumvarpsins sem varða rafrænt eftirlit Fiskistofu þ.e. 1. grein og 7. grein, og vísa til fyrri umsagnar.

- Varðandi 1.gr. þar sem Fiskistofu er veittur aðgangur að rafrænu vöktunarkerfi hafna, tókum við undir athugasemdir Hafnasambandsins um að einungis sé veitt leyfi til að skoða upptökur til að skoða einstaka tímabil tengt skilgreindum atvikum sem eru til rannsóknar en ekki að eftirlitsmyndavélakerfum verði streymt í rauntíma, á öllum tímum sólarhringsins, til Fiskistofu. Ellegar er verið að veita Fiskistofu meiri heimildir en lögreglu. Hér vísum við til 14. greinar persónuverndarlaga: „, það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða á grundvelli heimilda í reglum skv. 5. mgr.; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;“.
- Varðandi 7. greinina mótmælum við harðlega heimildum Fiskistofu til notkunar flygilda til ótilkynnts eftirlits. Miðað við heimildir lögreglu til rafræns eftirlits er með þessum lögum verið að gefa öllum sjómönnum og skipstjórnarmönnum stöðu grunaðs manns. Segja má að verið sé að gefa Fiskistofu meiri heimildir en lögreglu. Þess má geta að heimildir lögreglu til rafrænnar vöktunar, sbr. XI. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, eru einungis heimilar beinist rannsókn að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi og að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess, og einungis skv. úrskurði dómara.
- Þegar rafræn vöktun fer fram á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt glögglega gera viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili, sbr. 4. mgr. 14. gr. Um þetta var fjallað í úrskurði PV í máli 2013/339 um vöktun hjá Fiskistofu, en þar komst PV að þeirri niðurstöðu að Fiskistofu hafi ekki verið heimilt að nota myndavél til eftirlits þar sem eftirlitið uppfyllti ekki viðvörðunarskyldu. Einnig ber að líta til þess að frá þessum úrskurði hafa skilyrði til rafrænnar vöktunar verið þrengd töluvert.
- Leynileg vöktun Fiskistofu brýtur á fjölmargan hátt gegn persónuverndarsjónarmiðum og með henni er verið að taka einn atvinnuveg (sjávarútveginn) út fyrir sviga og með henni er verið að gera þá sem í honum starfa að réttlægri borgurum en aðra.
- Að öðru leyti vísum við til fyrri umsagnar þar sem fjallað er ítarlegar um rafrænt eftirlit Fiskistofu.

F.h. Samtaka smærri útgerða
Örvar Marteinson, formaður